



FUNDARGERÐ

216. fundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs
haldinn Fjarfundur í gegnum ZOOM , 13. apríl 2021
og hófst hann kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Ágúst Sigurðsson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Rafn Bergsson, Lilja Einarsdóttir, Valtýr Valtýsson, Ómar Sigurðsson og Hulda Karlsdóttir.

Fundargerð ritaði: Hulda Karlsdóttir, .

Klara Viðarsdóttir sat fundinn undir lið 1.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2020 - 2104015

Ársreikningur 2020 lagður fram og kynntur af Klöru Viðarsdóttur. Reksturinn gekk ágætlega á árinu og voru útgjöld í samræmi við áætlanir en tekjur voru þó nokkuð yfir áætlun. Hagnaður ársins var 19,8 m.kr. Eigið fé í árslok nam 207,2 m.kr.

Ársreikningur 2020 samþykktur samhljóða.

2. Rekstraryfirlit 2021 - 2104013

Rekstraryfirlit jan-feb 2021

Rekstraryfirlit frá janúar til febrúar 2021 lagt fram til kynningar.

3. Ýmsar upplýsingar úr daglegum rekstri - 2101057

Hulda Karlsdóttir og Ómar Sigurðsson fóru yfir ýmis atriði úr rekstri Sorpstöðvarinnar.

4. Móttökustöð og gámaplön á starfssvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs - 1904010

Sumarhreinsun - fyrirkomulag

Farið yfir fyrirkomulag á árlegri sumarhreinsun. Ákveðið að fela Huldu og Ómari að undirbúa og kynna málið og senda stjórn til staðfestingar fyrir lok vikunnar. Verið er að setja upp eftirlitsmyndavélar á grenndarstöðvar og á Strönd. Búið er að breyta innmötun í gámana á grenndarstöðum og hefur flokkun og umgengni batnað mikið.

5. Brennsluofn fyrir dýrahæ og aðrar dýraleifar - 1901058

Staða mála

Farið yfir stöðu mála, enn er unnið að áætlun um væntanlegt magn og tegund dýraleifa í fyrirhugaðan ofn og er von til þess að þeirri vinnu ljúki fljótlega.

Þar sem tímabundið leyfi til urðunar á lífrænum úrgangi rennur út 30.6.2021 nk. hefur verið óskað eftir framlengingu á því leyfi og eru samskipti þess efnis við

Umhverfisstofnun lögð hér fram til kynningar.

6. Gjaldskrár Sorpstöðvar 2021 - 1811016

Fyrirkomulag gjaldtöku á Strönd og endurskoðun á gjaldskrá fyrir móttökustöðina á Strönd.

Lagt fram vinnuskjal með upplýsingum um fyrirkomulag gjaldtöku á gámasvæðum í nágrennasveitarfélögum. Kostnaður við að koma úrgangi frá Strönd hefur hækkað mikið á undanförunum mánuðum og því nauðsynlegt að endurskoða gjaldskrá Sorpstöðvarinnar. Stjórn leggur til að gerð verði verðkönnun hjá Terra og Íslenska gámafélaginu um móttöku úrgangs. Með hliðsjón af þeirri verðkönnun og vinnuskjalinu verði á næsta fundi stjórnar lögð fram tillaga að endurskoðaðri gjaldskrá. Jafnframt verður í sumar gerð könnun á nýtingu opnunartíma móttökustöðvarinnar á Strönd.

Samþykkt samhljóða

7. Samskipti við Umhverfisstofnun - 1811019

Úrbótaáætlun og lokaskýrsla vegna eftirlits á Strönd.

Lokaskýrsla vegna eftirlits á Strönd og úrbótaáætlun lögð fram til kynningar.

8. 299. stjórnarfundur SOS - 2104017

Fundargerð SOS frá 24. janúar lögð fram til kynningar.

9. 300. stjórnarfundur SOS - 2104018

Fundargerð SOS frá 22. febrúar lögð fram til kynningar.

Fundargerð yfirlesin og staðfest rafrænt í gegnum SIGNET.IS

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:20.

Ágúst Sigurðsson

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Rafn Bergsson

Lilja Einarsdóttir

Valtýr Valtýsson

Ómar Sigurðsson

Hulda Karlsdóttir

Undirritunarsíða

Ágúst Sigurðsson

Rafn Bergsson

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Lilja Einarsdóttir

Valtýr Valtýsson

Hulda Karlsdóttir

Ómar Sigurðsson